

2014

Þjóðarspegillinn

Ráðstefna í félagsvísindum XV

Munurinn á flæði peninga í bönkum og
öðrum fyrirtækjum

Ásgeir Brynjar Torfason

Ritstjóri:
Ingjaldur Hannibalsson
Viðskiptafræðideild

Rannsóknir í félagsvísindum XV. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2014
Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
ISBN 978-9935-424-18-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Munurinn á flæði peninga í bönkum og öðrum fyrirtækjum

Ásgeir Brynjar Torfason

Ekki er hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að fjármálakerfi heimsins hrundi nánast til grunna árið 2008. Ben Bernanke sem var seðlabankastjóri Bandaríkjanna hefur staðfest að þá í september og október hafi staðið yfir versta fjármálakrísa í sögu heimsins að Kreppunni miklu upp úr 1930 meðtaldri. Tólf af þrettán helstu fjármálastofnunum Bandaríkjanna urðu næstum gjaldþrota haustið 2008 og dagana 6.–22. september var hagkerfið í frjálsum falli samkvæmt fyrrum fjármálaráðherranum Timothy Geithner (da Costa, 2014).

Upphaf hinnar miklu alþjóðlegu fjármálakrísu má rekja til ársins 2007 og árið 2009 tókst að vissu marki að hemja hana, en vandinn var ekki leystur eins og kom í ljós í Evrópu 2010–2012. Fjármálakrísan mikla, rétt eins og Kreppan mikla, sýndu báðar fram á mikilvægi þess að fjárhagsupplýsingar séu vandaðar og skýrar. „*Accounting is the language of business*“ eða „*Reikningsskilin eru tungumál viðskiptalífsins*“ var gjarnan sagt, en haustið 2008 kom í ljós að ekkert sameiginlegt tungumál var til staðar á fjármálamörkuðum heimsins líkt og Haldane, Ali og Nahai-Williamson (2012) benda á. Mælingar voru mismunandi, tungutakið var óljóst, meiningin óskýr og samskiptin milli aðila markaðarins fóru út um þúfur. Traustið í viðskiptum hvarf og markaðir frusu.

Samskiptamátinn í fjármálakerfinu með fjárhagsupplýsingum framreiddum samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum dugði ekki til að sýna fram á hættur á hruni. Englandsdrottning spurði hagfræðideild eins virtasta háskóla Lundúna hvernig staðið hefði á því að fræðimenn hefðu ekki áttað sig á vandanum í aðdraganda krisunnar. Lávarðurinn Turner (2012) hefur bent á að líkön og hugmyndaheimur hagfræðinnar hafi gert það að verkum að ómögulegt var að sjá fyrir hættur sem voru að byggjast upp innan hins óstöðuga kerfis.

Mikið verk er óunnið við að endurbyggja betri líkön og þróa skýrari samkiptamátá fyrir fjármálin. Ekki aðeins með tungumáli bókhaldsins, heldur einnig með framþróun hugmyndaheims hagfræðinnar, þar sem mismunandi raddir fá að hljóma, og síðast en ekki síst skilja betur hvað sagt er og meint á fjármálamörkuðunum. Hluti af því mikilvæga verkefni er að skýra betur greinarmuninn á bönkum og öðrum fyrirtækjum, sérstaklega varðandi reikningshald og peningamál. Einn þáttur þess er skilningur á hvernig peningar myndast við útlán og þannig má skoða sjóðstreymi í nýju ljósi.

Hvernig flæðir fé banka?

Eitt verkfæri bankamanna til að meta væntanlega lántaka er að skoða sjóðstreymi þeirra. Sögulegt sjóðstreymi er venjulega skoðað út frá fyrirliggjandi ársreikningum þar sem sjá má hve miklar tekjur hafa komið inn í kassann og hve mikið af útgjöldum hafa streymt burt. Væntanlegt framtíðarsjóðstreymi er síðan metið út frá fleiri þáttum. Grundvallarskipting sjóðstreymisins er þríþætt og gerð til að sjá hve mikið handbært fé kemur frá *rekstri*, sjóðshreyfingar *fjármögnunar* og flæði til *fjárfestinga*.

Sjóðstreymi bankanna sjálfrá hefur hins vegar hlotið litla athygli hingað til. Það er athyglisvert í ljósi eftirfarandi fyrirliggjandi staðreynda. Í fyrsta lagi má rekja upphaf þess að sjóðstreymisyfirlitið varð að skilyrtum hluta ársreikninga fyrirtækja (IAS 7 og FAS 95) til skyndilegs, og að því er virtist, óvænts gjaldþrots stórfyrirtækis (W. T.

Grant) árið 1976 (sem á þeim tíma var næststærsta gjaldþrot í sögu Bandaríkjanna). Í öðru lagi hefur vaxandi hluti lánveitinga banka verið til annarra fjármálafyrirtækja og merkilegt ef grundvallarþætti eins og sjóðstreymi er sleppt í mati á þeim lánveitingum. Í þriðja lagi hafa verið vandkvæði með fjármögnun á millibankamarkaði síðan 2007 og töluvert um gjaldþrot banka, sem sum hver virðast hafa komið flestum að óvörum. Í fjórða lagi hefur sjóðstreymisfirlitið almennt verið talinn góður mælikvarði á *greiðsluhæfi* eða *lausafjárstöðu (liquidity)* fyrirtækja en sú virðist ekki raunin varðandi banka. *Lausafjárkerfa* hefur fengið aukið vægi í nýlega endurgerðu reglugerðarumhverfi (Basel III) fyrir banka sem komið er frá Alþjóðlega greiðslumiðlunarbankanum (BIS, 2014).

Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur sjóðstreymisfirlit frá bönkum hlotið litla athygli bæði í hagnýtum og fræðilegum rannsóknum. Eina af fáum undantekningum er þó að finna í nýlegri doktorsritgerð höfundar, sem gefin var út á bók vorið 2014: *Cash flow accounting in banks – a study of practice* (Torfason, 2014a). Þar er rannsóknarspjótunum beint að ofangreindum skorti og reynt að skýra vandann eftir fjórum leiðum og með mismunandi aðferðum. Það er gert með skoðun á reikningsskilareglunum um sjóðstreymi í bönkum og bakgrunni þeirra, greiningu á ársreikningum sjö stærstu banka Norðurlandanna undanfarin fjórtán ár og þrjátíu viðtölum við bankamenn þar. Rannsóknin byggir á samþættingu kenninga í reikningsskilum, fjármálum og peningahagfræði. Þar er bæði beitt sögulegri greiningu og einnig notaðar hagfræðikenningar sem lent hafa til hliðar við aðalstrauma síðustu áratuga en sem geta hjálpað til við að skilja og skýra peningaflæðið í bönkum betur en meginstefnur hagfræði og fjármála gera nú.

Framleiðsla peninga

Peningaflæðið í bönkum er skýrt dæmi um vandamál sem fjármálakrisan hefur dregið fram og sýnir fram á bresti í þeim kenningum sem verið hafa allsráðandi undanfarna áratugi innan bæði hagfræði og fjármálafræða. Dæmi um breytingar á viðhorfinu til þessara kenninga er t.d. að finna í grein í nýlegu Ársfjórðungsriti Englandsbanka eftir McLeay, Radia og Thomas (2014), en þar segir:


Framleiðsla peninga [money creation] fer í raun fram öðruvísi en almennt er talið – bankar eru ekki einfaldir milliliðir sem lána innistæður þeirra sem spara, og þeir margfalda heldur ekki seðlabankapeninga til þess að búa til ný lán og innistæður (McLeay, Radia og Thomas, 2014: 14).

Þannig má betur útskýra hvernig stærstur hluti peninga í hagkerfinu er búinn til af viðskiptabönkunum með útlánunum þeirra. Við útlán, þegar skrifað er undir skuldabréf, verður til eign á efnahagsreikningi bankans um leið og til verður innistæða hjá lántakandanum, sem er skuld bankans við hann. Lánið sem er ný eign bankans stækkar efnahagsreikninginn, og skuld lántakandans er jafnhá innistæðunni í peningum sem eru skuld bankans. Þessi einfalda aðgerð í tvíhliða bókhaldi getur átt sér stað án þess að nokkur sparifjáreigandi hafi lagt til hliðar peninga fyrir láninu, að því gefnu að eiginfjárhlutfall bankans sé nægilega hátt. Yfirmaður peningahagfræðideildar Alþjóðlega greiðslumiðlunarbankans í Basel, Claudio Borio (2012) skýrir á svipaðan hátt mikilvægi þess að „*nauðsynlegt sé að viðurkenna að fullu grundvöll peningalegs eðlis hagkerfisins: fjármálakerfið miðlar ekki aðeins, heldur býr líka til, kaupgetu* [purchasing power]“ (Borio, 2012: 2).

Bankamenn sem starfa af fagmennsku vita að þeir geta ekki búið til endalaust af nýjum peningum með auknum útlánunum ætli þeir að halda áfram rekstri. Seðlabankarnir reyna jafnframt að hemja útlánaþensluna með bindiskyldu og eiginfjárkröfu. En hefðbundna hugmyndin um peningamargfaldarann á undir högg að sækja nú um

stundir (Sims, 2013). Áhrif þessara þátta á sjóðstreymið í bönkum hefur samt mjög lítið verið rannsakað og almennt er mjög takmarkaður áhugi á að skoða sjóðstreymis-yfirlitin sem gefin eru út árlega af öllum bönkum í árskýrslum þeirra. Sem dæmi má nefna að fjórir stærstu bankar Svíþjóðar sýndu í ársreikningum sínum neikvætt handbært fé frá rekstri flest árin allan áratuginn 1997-2007 án nokkurra vandkvæða við að jafna það útlæði með aukinni fjármögnun. Allir þeir þrjátíu bankamenn sem rætt var við í viðtalshluta rannsóknarinnar viðurkenndu að þeir myndu aldrei auka útlán til fyrirtækis sem sýndi fram á neikvætt handbært fé frá rekstri í nætum heilan áratug. Aðeins einn af bankamönnunum þrjátíu gat hins vegar útskýrt hvers vegna handbært fé frá rekstri þeirra eigin banka væri neikvætt.

Þegar hinu svokallaða góðæri lauk og vandkvæðin við að fjármagna fjármálakerfið birtust, brugðust stærstu seðlabankar heimsins við með samhæfðum hætti og tóku hið hrynjandi kerfi inn á efnahagsreikninga sína, sem uxu mjög í kjölfarið. Þetta má sjá skýrt í yfirliti frá Alþjóðlega greiðslumiðlunarbankanum (BIS, 2013) fyrir bæði bandaríska seðlabankann (Fed) og þann enska (BoE) eins og mynd 1 sýnir, en sambærilega þróun má lesa úr ársreikningi Evrópska seðlabankans (ECB, 2014).



Mynd 1: Vöxtur efnahagsreikninga seðlabanka 2007-2012 (BIS, 2013, bls 25)

Rauð lína fyrir eignir og blá lína fyrir skuldir, upphæðir í billjónum dala/punda á lóðréttan ás (BIS, 2013: 25)

Efnahagsreikningar seðlabankanna tvöfölduðust að stærð strax í september 2008 og héldu áfram að vaxa eftir það, sérstaklega 2011 í Bandaríkjunum og 2012 í Englandi og eru núna um þrefalt stærra en þeir höfðu verið í áraraddir fram til 2008. Þannig var fjármálakerfi heimsins bjargað frá frekara falli, í bili hið minsta. Til þess að skilja óstöðugleikann í kerfinu sem liggur þarna að baki er mikilvægt að horfa til þess hvernig peningar myndast í bankakerfinu. Ein leið til þess er að skoða einfaldað dæmi og nota líkan byggt á því til þess að skilja peningaflæðið á milli fjármálastofnana.

Útskýringardæmi í bókhaldslíkani

Einfaldast er að skýra peningamyndun í bankakerfinu með bókhaldsdæmi í líkani sem dregið er upp í töflu 1, (Torfason, 2014a, 2014b) en þar má sjá hvernig efnahagsreikningur banka vex við lánveitingu. Í upphafi tímabilsins er bankinn í dæminu með 200 krónur í eigið fé frá hluthöfum sem er innistæða í seðlabanka. Útlán bankans eru 1800 krónur sem fjármagnast með 1000 króna innistæðum viðskiptavina og 800 króna skuldabréfi bankans eða millibankaláni. Þannig er efnahagsreikningurinn í jafnvægi með 2000 krónur bæði á eigna- og skuldahlið. Á tímabilinu verða ein viðskipti sem fela í sér eitt nýtt lán að upphæð 100 krónur sem sett er inn á reikning lántakans í bankanum (hann notar lánið ekki á tímabilinu í þessu fyrsta dæmi). Í lok tímabilsins eru innistæður orðnar 100 krónum hærri, eða 1100 í stað 1000 á skuldahlið

bankans á sama tíma og lán til viðskiptavina hafa hækkað um 100 krónur úr 1800 í 1900 á eignahliðinni. Efnahagsreikningurinn hefur því stækkað úr 2000 í 2100 krónur við það að veita lánið. Tekjur aukast svo á næsta tímabili og væntanlega hagnaður líka sé kostnaði haldið óbreyttum. Vert er að taka eftir því að ekkert nýtt sparifé þurfti að leggja inn í bankann til að fjármagna lánið, og engin miðlun átti sér stað af hendi bankans á milli sparifjáreigenda og lántaka. Af þessu má sjá hvernig bankinn býr til nýja peninga með útlánunum.

Þessari bókhaldslegu staðreynd er hvorki haldið á lofti á reikningshaldssviðinu né í bankarekstri, en nú þegar hún liggur skýr fyrir er auðveldara að skilja hvernig bankar skapa fjárstrauma og geta verið reknir með neikvæðu sjóðstreymi árum saman. Banki býr til peninga þegar lánið er veitt og myndar við það nýja eign og skuld. Árið 1986 mótmæltu bankamenn kröfunni um sjóðstreymisýfirlit í ársreikningum þeirra, áður en reikningsskilastaðallinn var samþykktur, þótt þeir fögnuðu því að fá yfirlitin frá viðskiptavinum sínum. Bankamenn nota sjóðstreymisýfirlitið í lánveitingum sínum til viðskiptavina en ekki í lánunum sín á milli (Torfason, 2014a).

Fjárfestar virðast einnig hafa mun minni áhuga á sjóðstreymisýfirlitum banka en annarra fyrirtækja. Síðan reikningsskilareglurnar um sjóðstreymisýfirlit voru innleiddar í Bandaríkjunum af FASB með sjóðstreymisstaðlinum (FAS 95) árið 1987 hafa þær verið teknar upp í svipaðri mynd með staðli frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (IASB) upphaflega árið 1992 sem síðast var uppfærður 2012 (IAS 7). Alþjóðlegi staðallinn IAS 7 hefur verið innleiddur í yfir hundrað löndum, með litlum breytingum, síðast 2012. Hins vegar virðist frá upphafi lítið hafa verið skoðað, rannsakað eða rætt um áhrif þessara staðla á reikningsskil bankanna. Það er hins vegar mikil áhersla síðan 2008 á lausafjárstöðu og greiðsluhæfi (*liquidity*) banka og því mikilvægt að rannsaka frekar hvernig þróa megi sjóðstreymisýfirlit banka svo það geti nýst betur.

Tafla 1. Bókhald í banka og breyting efnahagsreiknings við lánveitingu

<i>Viðskiptavinur fær lán að upphæð 100 krónur og notar ekki strax heldur geymir á reikningi sínum</i>			
Efnahagsreikningur í upphafi	Eignir	Skuldir	
Handbært fé og innistæður hjá seðlabank	200		<u>Upphaf einfalds banka</u>
Innlán frá viðskiptavinum		1000	Peningar frá hluthöfum
Skuldir við lánastofnanir og skuldabréf		800	Innistæður við upphaf
Útlán til viðskiptavina	1800		Millibankafjármögnun
Eigið fé		200	Lánveitingar fjármagnaðar
Samtals	2000	2000	10% Eiginfjárlutfall
Rekstrarreikningur	Gjöld	Tekjur	<u>Á fyrsta rekstrartímabili</u>
Vaxtatekjur		180	10% Útlánsvextir
Vaxtagjöld	90		5% Innlánsvextir og skuldabr.
Rekstrarkostnaður	60		33% Kostnaðarlutfall
Hagnaður	30		17% Hagnaður af rekstri
Sjóðstreymi	Útflæði	Innflæði	<u>Peningaflæði</u>
Hagnaður af rekstri		30	Hagnaður greiddur í arð
Arðgreiðslur	30		15% Ávöxtun eigin fjár
Breytingar innlána		100	Ný innistæða sem
Breytingar skulda			er tilkomin af nýju láni
Breytingar útlána	100		byggist á lofordi endgr.
Breytingar á handbæru fé	0		Engin eiginleg breyting
Efnahagsreikningur í lokin	Eignir	Skuldir	<u>Í lok fyrsta tímabils</u>
Handbært fé og innistæður hjá seðlabank	200		Engar breytingar aðrar en:
Innlán frá viðskiptavinum		1100	100 Innist. búin til úr nýju láni
Skuldir við lánastofnanir og skuldabréf		800	Engin ný fjármögnun
Útlán til viðskiptavina	1900		100 Ný útlán auka eignir
Eigið fé		200	9,5% Lækkað eiginfjárlutfall
Samtals	2100	2100	

Einfalda dæmið (sjá töflu 1) með einum banka sem veitir eitt lán til eins viðskiptavinar, má útvíkka í tveggja banka kerfi í líkani þar sem tveir viðskiptavinir eru í hvorum banka fyrir sig til þess að sjá lánsféð notað og peningana flæða milli banka (Tórfason, 2014a, 2014c). Sýndar eru tvær sviðsmyndir af bókhaldi bankanna beggja þar sem greiðsluflæðinu er fyrst jafnað út milli bankanna sem auka útlán jafnmikið (tafla 2) og síðan lánar annar bankinn hinum eftir ójafna útlánaaukningu (tafla 3).

Í fyrri sviðsmyndinni, sem sjá má í töflu 2, eru tveir bankar sem stækka efnahagsreikninga sína með láni til eins viðskiptavinar hvor, líkt og í dæminu í töflu 1. Hins vegar eyðir hvor lántakandi nú sínu láni með því að kaupa af öðrum viðskiptavini í hinum bankanum (í báðum tilvikum er seljandi ekki að taka lán). Þannig verða báðir bankar fyrir jafnmiklu útflæði og innflæði sem jafnast út í uppgjöri þeirra á milli þegar greiðslumiðlunin er gerð upp í seðlabankanum lok dags. Banki 1 lánar viðskiptavini A 200 krónur sem hann greiðir viðskiptavini C í banka 2, en á sama tímabili lánar banki 2 viðskiptavini D jafnháa upphæð sem hann greiðir viðskiptavini B í banka 1. Ef bankarnir í kerfinu auka útlán sín álíka hratt og álíka mikið og dreifing viðskiptavina milli þeirra er svipuð má reikna með að mest af greiðslum jafnist út.

Tafla 2. Tveir bankar auka útlán jafnmikið til tveggja viðskiptavina

Banki 1 lánar Viðskiptavini A 200 krónur sem hann notar til að kaupa af Viðskiptavini C í Banka 2

Banki 2 lánar Viðskiptavini D 200 krónur sem hún notar til að kaupa af Viðskiptavini B í Banka 1

	Bókhald í Banka 1		Bókhald í Banka 2	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Efnahagsreikningur í upphafi				
Handbært fé og innist. í seðlabanka	200		200	
Innlán frá viðskiptavinum		1000		2000
Skuldir við lánastofnanir og skuldabr.		800		1600
Útlán til viðskiptavina	1800		3600	
Eigið fé		200		200
Samtals	2000	2000	3800	3800
Rekstrarreikningur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
Vaxtatekjur		180		360
Vaxtagjöld	90		180	
Rekstrarkostnaður	60		120	
Hagnaður	30		60	
Sjóðstreymi	Útflæði	Innflæði	Útflæði	Innflæði
Hagnaður af rekstri		30		60
Arðgreiðslur	30		60	
Breytingar innlána	200	400	200	400
Breytingar skulda				
Breytingar útlána	200		200	
Breytingar á handbæru fé 0	0		0	
Efnahagsreikningur í lokin	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Handbært fé og innist. í seðlabanka	200		200	
Innlán frá viðskiptavinum		1200		2200
Skuldir við lánastofnanir og skuldabr.		800		1600
Útlán til viðskiptavina	2000		3800	
Eigið fé		200		200
Samtals	2200	2200	4000	4000

Í seinni sviðsmyndinni (tafla 3) er sýnd mismikil útlánaaukning til viðskiptavina bankanna tveggja auk millibankaláns til að jafna út greiðsluflæðið milli þeirra. Þannig lánar Banki 3 einum viðskiptavini, og endar með neikvætt handbært fé frá rekstri í sjóðstreymisyfirliti sínu í lok tímabilsins og þarf að fjármagna það með millibankaláni sem eykur fjármögnunarhreyfingar. Banki 4 sem stöðvaði útlán til viðskiptavina á tímabilinu endaði samt með stærri efnahagsreikning vegna millibankalánsins.

Tafla 3: Annar bankinn eykur útlán, hinn bankinn veitir millibankalán

		Bókhald Banka 3		Bókhald Banka 4	
		Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Banki 3 lánar Viðskiptavini E 300 krónur til að kaupa af Viðskiptavini F í Banka 4					
Banki 4 lánar ekkert til viðskiptavina en flæði frá E til F er fjármagnað með láni frá Banka 4 til Banka 3					
Efnahagsreikningur í upphafi					
Handbært fé og innist. í seðlabanka		200		200	
Innlán frá viðskiptavinum			1000		2000
Skuldir við lánastofnanir og skuldabr.			800		1600
Útlán til viðskiptavina		1800		3600	
Eigið fé			200		200
Samtals		2000	2000	3800	3800
Rekstrarreikningur		Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
Vaxtatekjur			180		360
Vaxtagjöld		90		180	
Rekstrarkostnaður		60		120	
Hagnaður		30		60	
Sjóðstreymi		Útflæði	Innflæði	Útflæði	Innflæði
Hagnaður af rekstri			30		60
Arðgreiðslur		30		60	
Breytingar innlána		300	300	300	300
Breytingar skulda			300	300	
Breytingar útlána		300			
Breytingar á handbæru fé		0		0	
Efnahagsreikningur í lokin		Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Handbært fé og innist. í seðlabanka		200		200	
Innlán frá viðskiptavinum			1000		2300
Skuldir við og útlán til lánastofnana			1100	300	1600
Útlán til viðskiptavina		2100		3600	
Eigið fé			200		200
Samtals		2300	2300	4100	4100

Líkanið hér að ofan er að sjálfsögðu mikil einföldun, og reiknað er með í öllum tilvikum að nægt eigið fé sé til staðar í öllum bönkunum. En sviðsmyndirnar sem fást með líkaninu sýna fram á þrjú mikilvæg atriði. Í fyrsta lagi getur banki stækkað efnahagsreikninn sinn með útláni og í öðru lagi getur bankakerfið í heild stækkað þegar helstu bankar auka útlán sín álíka mikið og jafna út greiðslum sín á milli. Útlánþenslan stækkar einfaldlega efnahagsreikninga bankanna, án þess að auka þurfi sparnað fyrst. Í þriðja lagi geta bankarnir lánað hver öðrum og þannig leyst fjármögnun á ójöfnum útlánavexti, líka með því að stækka efnahagsreikninga sína án utanaðkomandi viðbótarsparnaðar. Þannig sést hvernig bankakerfið býr til peninga og stækkar efnahagsreikninga sína. Auk þess má sjá, af nánari greiningu ársreikninga banka, að neikvætt handbært fé frá rekstri þeirra getur skýrst af vaxandi rekstri með auknum útlánunum sem varið er til greiðslna í öðrum bönkum. Þetta aukna útflæði þarf að jafna með utanaðkomandi fjármögnun sem getur verið millibankalán eða komið frá skuldabréfaútgáfu og flokkast því sem fjármögnunarhreyfing í sjóðstreymisfirlitinu. Fjárfestingarhreyfingar, sem eru þriðji hluti sjóðstreymisfirlitsins eru skilgreindar á mismunandi hátt eftir bönkum og því ekki lögð áhersla á þær hér til einföldunar.

Handbært fé í óstöðugum fjármálaheimi

Sjóðstreymisfirlitið er oft talið mikilvægasti hluti ársreikninga fyrirtækja, til dæmis er því haldið fram í helstu kennslubókum í fjármálafræðum. En í þeim sömu bókum er sjóðstreymi fjármálafyrirtækja samt ekki nefnt sérstaklega, né heldur í helstu kennslubókum í reikningshaldi. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fjalla þó að vissu marki sérstaklega um fjármálafyrirtæki í þessu sambandi. Í stöðlum fyrir sjóðstreymi (IAS 7 og FAS 95) er tekið fram að bankar líkt og önnur fyrirtæki þurfi að afla fjár til að standa við skuldbindingar sínar og skuli því birta sjóðstreymisfirlit eins og aðrir. Þetta eru sömu rök og voru notuð af stjórn bandaríska reikningsskilastáðlaráðsins þegar brugðist var við gagnrýni bankamanna þar á drögin að staðlinum. Mikilvægi þess að hafa sömu staðla fyrir öll fyrirtæki þótti vega hærra en sérstaða bankanna á þessu sviði (sjá nánar í Torfason, 2014a). En skýringin á neikvæðu handbæru fé frá rekstri banka vegna útlánaaukningar kemur hvergi skýrt fram.

Fjármálakrisan hefur leitt af sér rannsóknir á og reglugerðir (eins og Basel III) um lausafjárstöðu og greiðsluhæfi (*liquidity*) fjármálastofnana, en sjóðstreymisfirlitið hefur samt sem áður áfram orðið útundan. Líkt og sýnt hefur verið hér að ofan er sjóðstreymi banka öðruvísi en í öðrum fyrirtækjum af því þeir búa til peninga með útlánum. Handbært fé frá rekstri (*cash flow from operations*) í sjóðstreymisfirlitum stærstu banka Norðurlandanna var þess vegna neikvætt stóran hluta áratugarins fyrir fall Lehman Brothers, án þess að það leiddi til nokkurra vandkvæða við fjármögnun.

Minsky (2008) benti fyrir löngu á innbyggðan óstöðugleika fjármálakerfisins og líka á að hið kapítalíska peningakerfi byggðist á sjóðstreymi þannig að allir þyrftu að hafa meira innflæði en útflæði fjár til að lifa af (Minsky, 1982). Fjármálakrisan hefur af mörgum verið talin sýna fram á að Minsky hafði rétt fyrir sér, þó um það sé enn deilt. Ljóst er þó að umbrotin á fjármálamörkuðum heimsins árið 2008 hafa breytt landslaginu varanlega, þó ekki liggja enn fyrir hvernig kvikan muni haga sér eða hvort óróinn verður meiri eða minni í náninni framtíð. Hins vegar liggur fyrir að fjármálakerfi heimsins hefur þróast mikið og augljóst er, eins og Mehrling (2012) bendir á, að:

Alþjóðavæðing fjármálakerfisins hefur breytt veröld okkar, en virkni reglukerfisins er langt á eftir þróuninni, þar sem það var hannað fyrir fjármálaheim sem ekki er lengur til (Mehrling, 2012: xxi).

Horft var framhjá muninum á bönkum og öðrum fyrirtækjum við ákvörðun reglna og innleiðingu reikningsskilastaðla fyrir sjóðstreymisfirlit. Síðan þá hefur þessi sérstaða banka ekki verið skoðuð nánar varðandi handbært fé frá rekstri. Afleiðingarnar af lausafjávandanum hafa verið mjög miklar út um allan heim, en peningahagfræðilegan grunn sjóðstreymisins hefur skort við úrlausn vandans. Óstöðugleikinn er stöðugt yfirvofandi og við eigum ennþá mikið verk óunnið til að láta fjármálakerfin og bókhaldskerfin ganga upp í samræmi við peningamálin.

Soll (2014) telur ástæðu þess að ítölsku borgrikin kringum Flórens, gullaldar Holland ásamt 18. og 19. aldar Bretlandi og Ameríku blómstruðu, þá að ábyrgð (*accountability*) var hluti menningar þessara svæða. Reikningsskil voru samþætt inn í námsefni, trúarsetningar, siðlega breytni og stjórnmalakenningar. Á þessum tímum ræddu stjórnmalamenn svæðanna mikilvægi reikningsskila og ábyrgðar, og svo notuð séu lokaorð Soll: „Meðal menntaðra borgara var gengið út frá því sem vísu að valdastéttin kynni reikningshald og hefði skilning á því hve mikilvæg fjárhagsleg ábyrgðarskylda [*accountability*] væri hinu lýðræðislega stjórnkerfi“ (Soll, 2014: 207).

Heimildir:

- BIS. (2013). International banking and financial market developments. *BIS Quarterly Review*. Basel: Bank of International Settlement. Sótt af http://www.bis.org/publ/qtrpdf/r_qt1303.pdf
- BIS. (2014). *Basel III Liquidity LCR*. Basel: Bank of International Settlements. Sótt af <http://www.bis.org/publ/bcb3272.pdf>
- Borio, C. (2012). *The financial cycle and macroeconomics: What have we learnt?* (BIS Working Paper 395). Basel: Bank for International Settlements. Sótt af <http://www.bis.org/publ/work395.pdf>
- da Costa, P. N. (2014, ágúst). 2008 Meltdown was worse than great depression, Bernanke says. *Wall Street Journal*. Sótt af <http://blogs.wsj.com/economics/2014/08/26/2008-meltdown-was-worse-than-great-depression-bernanke-says>
- European Central Bank. (2014). *Annual report 2013*. Frankfurt am Main: ECB. Sótt af <http://www.ecb.europa.eu/pub/annual/html/index.en.html>
- FASB. (1987). *Statement of financial accounting standards No. 95 - FAS 95*. Connecticut: FASB, sótt af <http://www.fasb.org/pdf/fas95.pdf>
- Haldane, A. G., Ali, R. D. og Nahai-Williamson, P. (2012). *Towards a common financial language* (Ræða nr. 552 haldin í NY 14. mars 2012). London: Bank of England, sótt af <http://www.bankofengland.co.uk/publications/Documents/speeches/2012/speech552.pdf>
- IAS 7. (2012). *International accounting standard 7 statement of cash flows - IAS 7*. London: IFRS. (Original version issued in December 1992). London: IASCF.
- McLeay, M., Radia, A. og Thomas, R. (2014). Money creation in the modern economy. *Quarterly Bulletin*, 54(1), 14-27. Sótt af <http://www.bankofengland.co.uk/publications/Documents/quarterlybulletin/2014/qb14q1prereleasemoneycreation.pdf>
- Mehrling, P. (2012). *Fischer Black and the revolutionary idea of finance* (2. útg.). New Jersey: John Wiley & Sons.
- Minsky, H. P. (1982). Can it, happen again? – A reprise. *Challenge*, 25(3), 5–13.
- Minsky, H. P. (2008). *Stabilizing an unstable economy*, London: McGraw Hill.
- Sims, C. A. (2013). Paper money. *American Economic Review*, 103(2), 563–584. Sótt af <http://sims.princeton.edu/yftp/PaperMoney/PaperMoneyAER.pdf>
- Soll, J. (2014). *The reckoning – Financial accountability and the rise and fall of nations*. New York: Basic Books.
- Torfason, A. B. (2014a). *Cash flow accounting in banks – a study of practice*. Gautaborg: BAS Publishing. Sótt af <http://hdl.handle.net/2077/35272>
- Torfason, Á. B. (2014b). Hvernig er sjóðstreymi banka? *Vísbending*, 32(30), 3–4.
- Torfason, Á. B. (2014c). Nánar um sjóðstreymi banka. *Vísbending*, 32(31), 3–4.
- Turner, A. (2012). *Economics after the crisis – Objectives and means*. Cambridge MA: MIT.